

## Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um eftirlit landlæknis með heilbrigðisþjónustu.

Frá Helgu Völu Helgadóttur.

1. Hvert hefur umfang eftirlits landlæknis með heilbrigðisþjónustu á vegum hins opinbera annars vegar og einkaaðila hins vegar verið frá árinu 2000? Óskað er eftir að í svarinu komi fram:
  - a. hvaða opinberu einingum embættinu ber að hafa eftirlit með,
  - b. hvaða einkareknu einingum embættinu ber að hafa eftirlit með,
  - c. hvernig ber að haga eftirlitinu,
  - d. fjöldi stöðugilda hjá embættinu þar sem fyrrgreint eftirlit fer fram,
  - e. verklag og tíðni eftirlits á hverri rekstrareiningu, og
  - f. að gerð verði sérstök grein fyrir því hvernig eftirliti með starfsemi lokaðra deilda og meðferðarúrræða er háttað, hvort tveggja opinberra og einkarekinna, og fjölda slíkra þjónustueininga á landinu.
2. Hvað hafa embættinu borist margar kvartanir vegna heilbrigðisþjónustu og vegna starfsemi geðdeilda og meðferðarúrræða ár hvert frá árinu 2000?

Skriflegt svar óskast.